



Fréttabréf leikskólans Barnabóls

Markmið fréttabréfa Barnabóls er að koma á framfæri upplýsingum til til foreldra og forráðamanna um leikskólann og leikskólastarfið hverju sinni.



3.tbl. 3. árg. Maí til júlí 2007

Komið þið sæl og blessuð.

Mánaðarskipulagið fyrir maí og fram í júlí


Mánaðarskipulagið var sent út í byrjun maí með helstu atburðum og dagskrá fyrir maí og fram í júlí. Þar gleymdist að geta þess að Sævar Þór varð 2ja ára 19. maí og Guðlaug átti afmæli 18. maí.

Skipulagsdagurinn í apríl

12. apríl s.l. heimsótti starfsmenn Barnabóls heilsuleikskólann Urðarhól og kynnti sér leikskólastarfið. M.a. kom fram að á Urðarhóli eru um 120 börn á þrem starfsstöðvum, hvert barn fær heilsudagbók sem fylgir því þar til það hættir, fastráðinn leikfímikennari sér um daglegar hreyfistundir í leikfimisal skólans og öll næring er hugsuð út frá heilsusamlegu matarræði. Við erum nokkuð sammála um að Barnaból vanti ekki mikið upp á til að komast í röð heilsuleikskóla og spurning hvort unnið verður meira að því verkefni og sótt um vottun sem heilsuleikskóli! Heimsóknir á aðra leikskóla gefa okkur víðari sýn og er hluti af innra mat á eigið leikskólastarf. Um leið gefst tækifæri til að kynnst þróunarverkefnum og öðrum nýjungum í leikskólastarfi og því besta sem verið er að vinna með á öðrum leikskólum. Það er stefna Barnabóls að verja einum skipulagsdegi annað hver ár í heimsóknir í aðra leikskóla.

Útileikskóli, útisvæði

Föstudagana 20. og 27. apríl voru nemendurnir á Lundi í „útileikskóla“ upp á Tjaldstæði og tókst það mjög vel og við höfum áhuga á að endurtaka þetta verkefni. Einn liður í úti- og hreyfiverkefnum leikskólans er að fá hlið á austanverða leikskólagirðinguna svo hægt sé að fara beint út á grófleikjasvæði eða „villisvæði“ sem verður útbúið austan (ofan) við leikskólann í sumar og verður hluti af valkerfi leikskólans. Í sumar verða settar gras-gúmmimottur í kringum kastalann, báturinn verður fjarlægður enda hálf ónýtur og ef einhver á bát eða skekktu sem hann vill gefa okkur væri það vel þegið. Kaupþing- banki gaf öllum leikskólum á landinu áhöld, fræ og útsæði til að vinna með í matjurtagarði og okkar kartöflur eru komnar niður. Við stefnum á að setja plönntur í Barnaselslautina í sumar/haust og gróður kemur í beðin fyrir framan leikskólann.



Útskriftahópurinn 2007

11 nemendur fóru í útskriftarferð í Skíðaskálann 8.-9. maí s.l. Þau skemmtu sér vel og m.a. fundu þau eldgamalt og brunnið bréf frá Þórdísi spákonu sem á heima í fjallinu! Í bréfinu vísaði hún börnunum á fjársjóðskistil sinn sem þau fundu fullan af gulli, demöntum og snakk. Já, ár eftir ár dást leikskólabörnin að því hvað Þórdís spákona er góð við þau, þessi rammgöldrötta spákona. Vorskólinn í Höfðaskóla var dagana 14.- 16. maí og má segja að leikskólanemarnir séu nú fljúgandi færir í grunnskólastarfi.

Heimsóknir á leiksólann

23. apríl s.l. komu átta leikskólastarfrsmenn frá sveitarfélaginu Kragero í Noregi í heimsókn til okkar, þau stoppuðu góðan tíma og skoðuðu leikskólann, kynntu sér starfið hjá okkur og miðluðu sinni reynslu. Lára Bylgja Guðmundsdóttir leikskólastjóri fór fyrir hópnum en hún var fyrsti leikskólastjórinn á Barnabóli. Lára Bylgja er yfir tveim leikskólum og er annar þeirra staðsettur á eyju. Í Kragero er útileikskóli eitt af tilboðum leikskólanna og því starfi langar okkur að kynnast betur og eigum nú heimboð til þeirra. Starfrsmenn Barnabóls stefna á náms- og kynnisferð til Kragero vorið 2008. Síðast í mars komu útskriftanema úr kennaradeild Háskólans á Akureyri og skoðuðu leikskólann en þeir voru í vísindaferð á Skagaströnd í boði Höfðahrepps.



30 ára afmæli leikskólans 7. júní 2007

Afmælishátíð í tilefni af 30 ára afmæli leikskólans verður fimmtudaginn 7. júní n.k. á milli kl. 16 og 18. Við vonum að sem flestir fyrrum nemendur, starfrsmenn, velunnarar og bæjarbúar komi og gleðjist með okkur á þessum merku tímamótum. Daginn eftir þ.e. föstudaginn 8. júní gefst einnig tækifæri til að skoða sýninguna á verkum nemendanna frá kl. 13-16.

Útskrift úr hópastarfi og sumarfrilokun

Útskrift úr hópastarfinu var föstudaginn 25. maí með hefðbundnum hætti. Nú taka við gönguferðir, sundferðir, hjóladagar, grillveisla, sulludagur og fleira.

Nemendum leikskólans sem nú yfirgefa leikskólann og fjölskyldum þeirra þökkum við kærlega fyrir samveruna og óskum þeim velfarnaðar í framtíðinni. Um leið bjóðum við nýja nemendur og foreldra þeirra velkomna til starfs og leiks.

Sumarfrislökun Barnabóls verður frá mánudeginum 9. júlí til mánudagsins 13. ágúst 2007. Við óskum leikskólanemendum og fjölskyldum góðs og skemmtilegs sumarfrís og sjáumst á ný 13. ágúst.

Með kærri kveðju

Þórunn Bernódusdóttir
Leikskólastjóri og starfrsmenn Barnabóls

